

Fundargerð

Verknr. 1156

7. fundur svæðisskipulagsnefndar, haldinn í Tjarnarlundi, Saurbæ, í Dalabyggð, fimmtudaginn 15. júní 2017, kl. 16:00-19:25

Fundarefni: Drög að svæðisskipulagstillögu.

Fundarfólk: Aðal- og varafulltrúar í svæðisskipulagsnefnd voru boðaðir til fundarins. Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir formaður og Jón Gísli Jónsson frá Strandabyggð; Ágúst Már Gröndal, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir frá Reykhólahreppi; Halla Steinólfsdóttir, Ingveldur Guðmundsdóttir og Jóhannes Haukur Hauksson frá Dalabyggð. Forföll boðuðu Haraldur V. A. Jónsson aðalfulltrúi frá Strandabyggð og Hörður Hjartarson aðalfulltrúi frá Dalabyggð. Einnig sátu fundinn Andrea K. Jónsdóttir sveitarstjóri Strandabyggðar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps og Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar.

Ráðgjafar Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Björg Ágústsdóttir.

Fundarstjóri: Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

Fundarritari: Björg Ágústsdóttir.

Dagskrá:

1. Upprifjun frá síðasta fundi
2. Tímaáætlun, sbr. tölvupóst til nefndar 4. maí sl.
3. Umræður um tillögudrög, sbr. skjal sent til nefndar 2. júní sl.
4. Rýni á tillögur að ferðaleiðum
5. Ákvörðun um næstu skref

1. Upprifjun frá síðasta fundi

Matthildur fór yfir það sem gert hefur verið frá síðasta fundi svæðisskipulagsnefndar, sem haldinn var í mars sl. í Króksfjarðarnesi. Á fyrri hluta þess fundar var greiningarskýrsla til umfjöllunar. Skýrslan hafði verið kynnt og send til umsagnaraðila í byrjun febrúar 2017 og voru umsagnirnar kynntar á marsfundi nefndarinnar og viðbrögð við þeim síðan ákveðin. Aðilar sem sendu inn umsögn um greiningarskýrslu fengu fundargerð af fundinum senda með tölvupósti þann 11. apríl 2017. Matthildur greindi frá því að inn í greiningarskýrsluna verði bætt umfjöllun um áhrif svæðisskipulagstillögunnar á hvern umhverfisþátt sem fjallað er um í skýrslunni. Við það breytist greiningarskýrslan í umhverfisskýrslu sem vinna skal skv. lögum umhverfismat áætlana. Umhverfisskýrslan verður fylgiskjal með svæðisskipulagstillögunni og verður hún kynnt í haust á formlegum kynningar- og auglýsingartíma tillögunnar.

Síðari hluti fundarins í mars sl. var samráðsfundur svæðisskipulagsnefndar með fulltrúum úr sveitarstjórnnum, nefndum og frá stofnunum. Þar var farið yfir tillögur að markmiðum og leiðum að þeim

og þær ræddar í þremur hópum. Sjónarmið sem komu fram í umræðunum voru höfð til hliðsjónar við þróun þeirra tillögudruga sem svæðisskipulagsnefnd fékk send í byrjun júní og eru til umfjöllunar á þessum fundi, 15. júní 2017.

2. Tímaáætlun verkefnisins og næstu áfangar

Matthildur fór gróflega yfir áætlun sem send var nefndarfólki í tölvupósti þann 4. maí sl.

Skv. því er gert ráð fyrir að í sumar verði tillagan kynnt óformlega, ef þessi fundur ákveður svo. Í lok ágúst nk. yrði haldinn fundur til að fara yfir mögulegar ábendingar sem berast í sumar við óformlega kynningu og í framhaldinu (sem fyrst í september) verði svo haldnir kynningarfundir opnir almenningi, einn fundur í hverju sveitarfélagi. Í lok september væri tillagan afgreidd til athugunar Skipulagsstofnunar, og 9. fundur yrði haldinn í byrjun nóvember til að fara yfir umsögn Skipulagsstofnunar og afgreiða viðbrögð við umsögn. Síðan yrði tillagan formlega auglýst og frestur gefinn fram í janúar til athugasemda. Tillagan væri svo til endanlegrar afgreiðslu hjá svæðisskipulagsnefnd í febrúar.

Engar athugasemdir við áætlunina.

3. Umræður um tillögudrög

Matthildur fór yfir tillögudrögin, sbr. skjal sem sent var til nefndarfólks 2. júní sl. Hún rifjaði upp uppbyggingu skýrslunnar og stefnu tillögunnar. Í umræðum um drögin kom m.a. þetta fram:

- Nokkur umræða varð um framfylgd áætlunarinnar og hvernig hægt væri að tryggja að hún kæmist til framkvæmda. Hjá ráðgjöfum kom fram að hugmyndin væri að verkefnum sem skilgreind eru í áætluninni sé vísað til viðeigandi deilda/starfsmanna sveitarfélaganna og stofnana sem þau eiga aðild að. Rætt var um að mikilvægt væri að forgangsraða verkefnum, þegar skipulagsáætlunin hefur verið staðfest.
- Teknar voru niður nokkrar ábendingar við efni og orðalag sem ráðgjöfum var falið að vinna úr. Þær varða t.d. lýsingu á kjarna svæðismarks, stefnu um varnir gegn útbreiðslu ágengra plöntutegunda, sauðfjárveikivarnir, mögulega samráðsaðila vegna einstakra verkefna, stefnu um leiðbeiningagerð, umfjöllun um fiskveiðar og – vinnslu, þararækt í tengslum við kræklingarækt, gæðavottun og vörumerki greina.
- Að hlutverk korta í svæðisskipulaginu þarf að vera skýrt, þannig að ljóst sé hvað er bindandi stefna og kallar þ.a.l. á breytingu á svæðisskipulagi. Hjá ráðgjöfum kom fram að kortin eru í öllum tilfellum skýringarkort sem styðja við og útskýra markmið og leiðir svæðisskipulagsins. Ennfremur að svæðisskipulagið er ekki á sama nákvæmnisstigi og aðalskipulag heldur leggur áherslu til nánari útfærslu í aðalskipulagi, s.s. hvað varðar landnotkun og staðsetningu.
- Að yfirfara þarf samræmi milli korta á nokkrum stöðum.

4. Rýni á tillögur að ferðaleiðum

Farið var yfir tillögu að leiðakerfi svæðisins sem gerir ráð fyrir fjórum aðalökuleiðum, sem hver fái sitt heiti og sérkenni í aðstöðu og kynningarefni út frá þeim og söguþráðum sem skilgreindir eru fyrir hverja og eina. Í umræðum um leiðakerfið kom fram almenn ánægja með þær en nokkrar ábendingar um:

- Örnefni sem þarf að lagfæra á kortum.
- Texta sem þarf að lagfæra.
- Að aðalgönguleið taki mið af póstmannaleiðum.

Auk ökuleiða er í tillögudrögunum gert ráð fyrir aðalgönguleið á milli þéttbýlisstaðanna og reiðleið eftir endilöngu svæðinu, en skipulagsfulltrúa Dalabyggðar var falið að leggja fram tillögu að grófri legu reiðleiðar.

5. Ákvörðun um næstu skref

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti að kynna tillögudrögin, að gerðum þeim lagfæringum sem ræddar voru á fundinum, óformlega á vef og Facebook-síðu verkefnisins í sumar. Um er að ræða kynningu sem er viðbót við kynningar og auglýsingar sem skipulagslög gera ráð fyrir. Frétt um tillögudrögin verði birt á vefsíðum sveitarfélaga í júlíbyrjun. Ekki er gert ráð fyrir að auglýsa í dagblöðum eða héraðsblöðum á þessu stigi þar sem um tillögudrög er að ræða og kynningin er óformleg. Formleg kynning skv. 2. mgr. 23 gr. skipulagslaga (kynning tillögu á vinnslustigi) fer fram í haustbyrjun með kynningarfundum sem auglýstir verða. Í kjölfarið verður gengið frá tillögu til auglýsingar skv. 24. gr. skipulagslaga.

Fundi slitið kl. 19.25